

Morgunblaðið

MÁNUDAGUR 14. MAÍ 2018

• Stofnað 1913 • 112. tölublað • 106. árgangur •



DANSINN SKOÐAÐ-
UR FRÁ NÝJUM
HLIÐUM

RÓSA ÓMARSÐÓTTIR 34



SMÁHÚS OG SMÁMUNIR

HALLA KRISTÍN OG AUÐUR ÖSP 12



KRABBAMEIN
ER MÁL SEM
SNERTIR ALLA

GUÐFINNA HALLA 6



Morgunblaðið/RAX

Álftanes Skipulagsmál eru í deiglu.

Mótmæla fjölbylis- húsum á Álftanesi

■ Hafin er undirskriftasöfnun á Álftanesi þar sem mótmælt er breytingu á aðalskipulagi sem gerir ráð fyrir nýu fjölbylishúsum á svenefnu Miðsvæði. Íbúar telja að ef þarna verði reistar þrígga hæða byggingar sé það stílbrot við annað á svæðinu og vilja þeir því að bæjarfyrirvöld í Garðabæ falli frá þessum áformum. Ásýnd þessara húsa hæfi heldur ekki í návígi við forsetasetrið á Bessastöðum, þangað sem tignir gestir komi gjarnan í heimsóknir. Að fjölga íbúum á svæðinu rími sömuleiðis illa við almennar áherslur í samgöngumálum, enda sé aðeins ein leið inn á svæðið og strætisvagnaferðir stopulár. »11

22% færri bílar seldir bílaleigum



Bílar Bílaleigur
kaupa færri bíla.

■ Sala bifreiða-
umboðanna til
bílaleiga hefur
dregist saman
um 22% það sem
af er þessu ári
frá því sem var á
sama tímabili í
fyrri. Þetta sýna
tölur frá Sam-
göngustofu.

Egill Jóhann-
son, forstjóri Brimborgar, segir

sölutölurnar birtingarmynd óvissu í ferðaþjónustu sem einskorðist ekki við bílaleigurnar. Hátt gengi krónunnar og miklar launahækkunir hafi hér áhrif. »6

Mörg atkvæði gætu fallið dauð

■ Vel er hugsanlegt að mörg atkvæði „falli dauð“ í komandi borgarstjórnarkosningum í Reykjavík vegna fjölda framboða sem líklega munu ekki fá fulltrúa kjörna. Þetta segir Ólafur Þ. Hardarson, prófessor í stjórnmálafræði. Framboðslistar eru 16 að þessu sinni. Listi þarf að fá frá 2,6 til 4,2% atkvæða til að ná inn manni, en ólíklegt er þó að neðri mörkin dugi. »2

Allt að 35% hækkun bílverðs

● Stjórnvöld geta gripið inn í ● Of seint að stöðva 10-15% hækkun 1. september

Guðrún Erlingsdóttir
ge@mbl.is

Bilgreinasambandið hefur þrýst á íslensk stjórnvöld frá því í vetur að gera ráðstafanir til þess að draga úr fyrirsjáanlegri hækkun á verði bifreiða vegna nýs mengunarmælikvarða Evrópusambandsins. Þetta segir Jón Trausti Ólafsson, formaður sambandsins. Hann fagnar nýjum og réttlátari mengunarmælikvarða en gagnrýnir stjórnvöld fyrir seinangang í aðgerðum til þess að mæta hækkunum sem nýjum mælikvarða



Morgunblaðið/Ómar

Ökutæki Sala bifreiða gæti dregist saman ef ekki verður brugðist við.

fylgir. Jón Trausti telur að of seint sé að bregðast við væntanlegri 10 til 15% hækkun á innfluttum bílum 1. september en stjórnvöld geti gripið til aðgerða til þess að koma í veg fyrir aðra slíka hækkun í byrjun janúar og jafnvel gert ráðstafanir til þess að leiðrétta væntanlega hækkun í september. Evrópusambandið hefur hvatt aðildarríkin til þess að gera ráðstafanir til að sporna við hækkunum. Danir munu lækka tolla og Svíar fresta gildistöku til 2020.

■ Ríkið lækki vörugjöld ... » 4



Morgunblaðið/Eggert

Brugðið á leik með taflmennina í skákmaraþoni

Á fimmtu milljón króna safnaðist í skákmaraþoni Hrósins til styrktar Fatimusjóðnum og UNICEF sem leikið var á föstudag og laugardag.

Þar tefldu Hrafn Jökulsson og Róbert Lagerman 250 skákir við gesti, sem sumir brugðu á leik með skákmennina fyrir utan pakkhús Hrósins

við Reykjavíkurhöfn þar sem atburðurinn fór fram. Peningunum sem söfnuðust verður varið í þágu stríðshráðra barna í Jemen.



Famey Davíðsdóttir er skýmsöm og spilar í Hoppdrætti DAS

Vinningar í hverri viku - Hoppdrætti DAS

Vikulegir útdrættir
Mestu vinningslíkurnar
- skýsamlegasti kosturinn

► Nýtt hoppdrættisár hefst í maí

- Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða
- Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu



Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

Dansinn skoðaður frá nýjum hliðum

● Dansverkið *Traces* hefur vakið töluverða athygli enda mjög óhefðbundið ● Í verkefninu *Secondhand Knowledge* kortleggja Rósa Ómarsdóttir og félagar hvar danssenur á jaðrinum standa

VIÐTAL

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is



Í Brussel býr Rósa Ómarsdóttir, einn af efnilegri danshöfundum Íslands. Þar er hún eins og blómi í eggi, og þvertækur fyrir það þegar blaðamaður spyr hvort belgíska höfuðborgin sé ekki frekar leiðinleg og ólistræn enda sneisafull af jakkafataklæddu fólki á leið inn og út úr stofnunum Evrópusambandsins: „Það er mikill misskilningur, það er að segja ef farið er út fyrir Evrópuhverfið, og er Brussel mikil listaborg. Hér eru mörg stór dansleikhús, dansinum gert jafnhátt undir höfði og leikhúsi – ef ekki hærra – og margir stærstu dansflokkar Evrópu eru með aðsetur í borginni.“

Rósa (www.rosaomarsdottir.com) flutti til Brussel árið 2010, þegar hún var 22 ára gömul, til að stunda nám við hinn virta P.A.R.T.S. nútímadansskóla og lauk þar ígildi mastersgráðu á fjórum árum. „P.A.R.T.S. er einkaskóli sem þekktur er fyrir að fylgja sínum eigin reglum, og fá að komast upp með það að notast hvorki við bachelor- né mastersgráðu heldur gefa nemendum einfaldlega sína P.A.R.T.S.-gráðu,“ útskýrir Rósa glettin.

Dansferillinn hófst í ballettskóla Guðbjargar Björgvinsdóttur úti á Seltjarnarnesi þar sem Rósa æfði frá sjö ára aldri. Á unglingsárunum fór hún að þreifa fyrir sér á öðrum sviðum í dansi og minnst þess hvernig það markaði tímamót þegar hún sótti sumarnámskeið Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins. „Mér fannst nútímadansinn svo svakalega skemmtilegur að ég beið ekki boðanna og skráði mig strax í nútímadansbraut Listdanskóla Íslands og var í honum meðfram menntaskólanámi í MH. Síðan tóku við tvö ár af BAnámi á dansbraut Listaháskólans áður en ég hélt til Brussel.“



Ljósmynd/Hákon Pálsson

Hlutverk í rannsóknarverkefninu *Secondhand Knowledge* freistar Rósa þess að sýna fram á mikilvægt framlag danssenunnar í minni samfélögum.

Mörkin verða óljós

Nýjasta verk Rósu, *Traces*, hefur vakið töluverða athygli þar sem það hefur verið sýnt í Evrópu, og vonast hún til að verkið verði flutt á Íslandi áður en langt um liður. *Traces* hefur verið lýst sem verki sem snertir öll skynfærin, og mætti líta á það sem tilraun til að skapa heim fyrir áhorfandann að

stíga inn í, eða ferðalag þar sem mörkin milli líkama og náttúru verða óljós. Nú þegar hefur *Traces* komið til Svíþjóðar, Belgíu og Hollands en verkið verður flutt í Noregi í September.

„*Traces* spratt upp úr einhvers konar um hverfismeðvitund og langaði mig að skoða hvernig mætti gera dansverk þar sem allt það sem er á sviðinu hefur jafn-

mikið vægi: dansinn, hljóðið, sviðsmyndin, jafnvel lyktin,“ útskýrir Rósa en hún hlaut á sínum tíma Grímuverðlaunin, ásamt Ingu Huld Hákonardóttur, fyrir dansverkið *The Valley*.

Verkið er flókið og óhefðbundið, og ekki auðvelt að lýsa með orðum en Rósa segir *Traces* hafa orðið til í nánu samstarfi við dansarana (Katie Vickers, Inga Huld Hákonardóttir, Tiran Willemse og Kinga Jaczewska), sviðsmyndarhönnuðinn (Ragna Ragnarsdóttir) og höfund tónlistarinnar (Sveinbjörn Thorarensen): „Ef eitthvað er vann ég meira með sviðsmyndarhönnuðinum og tónlistarhöfundinum en með dönsurunum, og öll unnum við mikið í sama rými – líklega í tólf vikur samtals,“ segir hún. „Við þreifum okkur áfram með spuna, og smám saman að fór komst skýrari mynd á ákveðnar senur og svo á verkið allt. Það mætti lýsa *Traces* sem ljóði sem hálfpartinn skrifaði sig sjálft, eða kannski minnti ferlið á vinnubróð myndhöggvarans sem finnst hann kalla stýttuna fram úr steininum.“

Við sköpun *Traces* var leitað fanga víða og segir Rósa að hjátrú og helgisíðir úr mismunandi heidnum síðum hafi m.a. verið nýttir sem efniviður og innblástur, og mannslíkaminn líka notaður til að búa til mismunandi landslag – í orðsins fyllstu merkingu. Dansararnir fjórir vinna með sviðsmyndina, sem er frekar stór, og mjög frábrugðin hefðbundnum sviðsmyndum dansverka. „Verkið hefst með ritúali, þar sem dansararnir kyrja, og vinna með vatn, plöntur og þurrís. Þeir búa líka til hljóðmynd með líkamanum og röddinni, og hverfa síðan undir efni sem verður að landslagi,“ segir Rósa.

Jaðarinn er ekki sveit

Annað verkefni sem Rósa hefur unnið að, *Secondhand Knowledge*, er ekki síður merkilegt. Um n.k. rannsóknarverkefni er að ræða,

sem Rósa vinnur með Ásrúnu Magnúsdóttur og Alexander Roberts, en *Secondhand Knowledge* hóf göngu sína á Reykjavík Dancefestival árið 2014. Segja má að Rósa sé, á vissan hátt, að líta um öxl og varpa ljósi á hvar dansinn í litlum og tiltölulega afskekktum samfélögum eins og Íslandi stendur í samanburði við danshöfuðborgir Evrópu.

Hún lýsir því þannig að oft sé litið á þessi litlu samfélög eins og þau séu á eftir meginstraumnum, og að danssamfélagið þar fái ekki það nýjasta og ferskasta beint í æð eins og í stórborgum menningarheimsins. – Að þessar jaðarsenur listaheimsins séu sakaðar um að vera svolítið sveit. „En markmið verkefnisins er einmitt að sýna fram á að svo er ekki,“ segir Rósa.

„Það hefur t.d. verið bent á að pönkið kom frekar seint til Íslands, en það þarf ekki endilega að vera neikvætt. Því ef við rýnum í söguna þá sjáum við að íslenska pönkið var líka eitthvað allt annað en pönkið úti í heimi, og sem slíkt hvorki verra né betra. Straumar og stefnur geta borist mishratt á milli staða, en um leið eru þær líka að breytast og mótask, og skemmtilegir hlutir að gerast frá sjónarhorni listarinnar,“ segir Rósa. „*Secondhand Knowledge* er því að vissu leyti sjálfsefningarverkefni fyrir dansinn á minni stöðum, þar sem allri minnimáttarkennd er útrýmt.“

Secondhand Knowledge hefur fengið norræna og flæmska styrki og hefur m.a. heimsótt Trondheim í Noregi, Árósa í Danmörku, Riga í Lettlandi, Sagreb í Króatíu, og meira að segja litla eyju í Grikklandi.

Framkvæmdin er þannig að Rósa og félagar hafa haldið tveggja vikna vinnustofu með dönsurum og danshöfundum sem búa á hverjum viðkomastað verkefnisins. „Við lesum greinar um „notaða þekkingu“, og skoðum

Hjólsög HKS210L
19.799,-

Bútsög KAP305JL
52.500,-

Hleðsluborvél AKS45IND
24.541,-

Steypuhrærivél
39.420,-

ALLT SEM ÞÚ PARFT TIL AÐ SMÍÐA SUMARHÚSIÐ EÐA PALLINN!

SKOÐIÐ FLEIRI VORTILBOÐ FRÁ HOLZMANN Á HEIMASÍÐU IDNVELA: WWW.IDNVELAR.IS

IDNVELAR

Smíðjuveg 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | www.idnvelar.is

Þjóðkvæði og sagnadansar fyrir alla fjölskyldu



Fagmenn Halla Elísabet Víktorsdóttir og Sigríður Sigurpáldóttir Scheving stóðu sig með þrýði. Hér syngja þær um Litlu Jörp með lipran fót.

» Eva María Jónsdóttir miðaldafræðingur og Nanna Hlíf Ingvadóttir harmonikuleikari buðu um helgina í Salnum upp á dagskrá þar sem sjónum var beint að því hvernig börn hafa hugsanlega skemmt sér allt frá landnámi, m.a. með þjóðkvæðum og sagnadönsum. Viðburðurinn var styrktur af nefnd um fullveldisafmæli Íslands. Viðburðurinn var liður í Fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi sem haldnar eru á hverjum laugardegi.



Hæð Sviðsmyndin er nokkuð stór í Traces og renna dansarar og hlutar sviðsmyndarinnar saman á köflum.



Ljósmynd/Stanislav Dobak
Áferð Í Traces er á öllu von og farið langt út fyrir rammann til að ná til allra skynfæra áhorfenda.

Ekki lengur nóg að kunna bara að dansa?

Miklar kröfur gera starfið skemmtilegra

Traces minnir á hversu fjölhæfir dansarar þurfa stundum að vera. Í verki Rósu leika dansararnir ekki aðeins ómissandi hlutverk í sjálfu sköpunarferlinu heldur þurfa líka, í flutningnum, að beita röddinni, rétt eins og þeir beita útlimum líkamans. Er líka skemmt að minnst verðlaunaverks ÍD, Fórn, þar sem dansararnir þurftu að læra að spila á gítar og svífa um sviðið spilandi, syngjandi og dansandi í kaflanum „No Tomorrow“ eftir Ragnar Kjartansson. Sú tíð virðist löngu liðin að það eitt og sér að vera flinkur að dansa sé nóg. Rósa segir þessa sömu þróun eiga sér stað á öllum listsviðum, og að fjölhæfni komi í góðar þarfir hvort sem fólk starfar t.d. sem leikarar eða sem listmálarar. Rósa kvartar ekki: „Vissulega eru lagðar auknar kröfur á dansara nú en oft áður, en það gerir starfið líka fjölbreytilegra og um leið skemmtilegra. Það er alltaf gaman að þurfa að læra eitthvað alveg nýtt, og þreifa sig áfram á öðrum sviðum en það er vanur.“ Raunar grunar Rósa að krafan um fjölhæfni komi sér vel fyrir íslenska listamenn, bæði í dansi og á öðrum sviðum, enda eru þeir oft búnir að koma víða við og hafa ekki takmarkað alla sína þjálfun og menntun við þröngt svið afmarkaðs listforms eins og sumir erlendir kollegar þeirra. Íslensku dansararnir virðast frakkir og frumlegir, og óhræddir við að prófa nýja hluti. „Í heimi samtímadansins heyrir ég oft hvað fólk er hissa á því að svona ofboðslega lítið land eins og Ísland hafi búið til svona mikið af góðum dönsurum.“

hvaðan þeir straumar og stefnur sem móta okkur eru að koma. Síðan notum við, af ásetningu, þessa „notuðu þekkingu“ í dansstúdíóinu til að skapa,“ útskýrir Rósa. „Samhliða tek ég viðtöl við í kringum 15 manns á hverjum stað, og upp úr þeim að ég skrifa frásögn í fyrstu persónu – en samt nafnlaust – svo að úr verður n.k. sjálfsvæisaga danssenunnar.“ Verkefnið endurspeglar að sumu leyti stöðu Rósu sjálfar. Hún er ung og flink, og leggur sig fram við að taka eins mikinn þátt í íslensku danssenunni og hún getur, en samt hefur hún búið nærri þriðjung ævinnar í Belgíu bæði til að mennta sig og til að byggja upp eigin feril. „Það er ekki hægt að neita því að í borg eins og Brussel eru tækifærin fleiri: það er meira um að vera, fleira fólk og stærri danssena. En það er ákveðin ósanngirni sem fylgir því þegar ákveðnir staðir verða að Mekkum danssenunnar, því við megum ekki fara öll úr landi, enda væri þá ekki til þessi blómstrandi og spennandi danssena sem Ísland býr að í dag,“ segir hún. „Það skiptir svo miklu máli að við ræktum líka okkar heimasenu.“

lduna í Salnum



Morgunblaðið/Eggert
Samhentar Nanna Hlíf og Eva María fóru á kostum og gáfu allt í flutning sinn eins og glögglega má sjá hér.



Gaman Fólk mætti með börn sín á viðburðinn enda afar fjölskylduvæn leið til að njóta með ungvíðinu.



Innlifun og trumbusláttur Nanna Hlíf Ingvadóttir barði bumbur til að gera flutninginn enn áhrifameiri.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Ert þú á leið í leikhús? Pantaðu ljúffengar veitingar til að njóta fyrir sýningu eða í hléi á borgarleikhus.is

Rocky Horror (Stóra sviðið)

Pri 15/5 kl. 20:00 aukas.	U	Lau 26/5 kl. 20:00 39. s	U	Mið 6/6 kl. 20:00 49. s	Ö
Fim 17/5 kl. 20:00 35. s	U	Sun 27/5 kl. 20:00 40. s	U	Fim 7/6 kl. 20:00 50. s	U
Fös 18/5 kl. 20:00 36. s	U	Mið 30/5 kl. 20:00 aukas.	Ö	Fös 8/6 kl. 20:00 51. s	U
Lau 19/5 kl. 20:00 37. s	U	Fim 31/5 kl. 20:00 41. s	Ö	Lau 9/6 kl. 20:00 52. s	Ö
Mið 23/5 kl. 20:00 aukas.	U	Fös 1/6 kl. 20:00 46. s	Ö	Sun 10/6 kl. 20:00 53. s	Ö
Fim 24/5 kl. 20:00 aukas.	U	Lau 2/6 kl. 20:00 47. s	Ö		
Fös 25/5 kl. 20:00 38. s	U	Sun 3/6 kl. 20:00 48. s	Ö		

Besta party sem þú munt nokkurn tímann upplifa.

Elly (Stóra sviðið)

Fös 31/8 kl. 20:00 139. s	Ö	Sun 9/9 kl. 20:00 142. s	U	Sun 16/9 kl. 20:00 145. s	U
Lau 1/9 kl. 20:00 140. s	Ö	Mið 12/9 kl. 20:00 143. s	U	Lau 22/9 kl. 20:00 146. s	U
Fös 7/9 kl. 20:00 141. s	U	Fim 13/9 kl. 20:00 144. s	U	Sun 23/9 kl. 20:00 147. s	U

Sýningar haustið 2018 komnar í sölu.

Sýningin sem klikkar (Nýja sviðið)

Fim 17/5 kl. 20:00 31. s	Ö	Lau 19/5 kl. 20:00 33. s	Ö	Sun 27/5 kl. 20:00 35. s	Ö
Fös 18/5 kl. 20:00 32. s	Ö	Fös 25/5 kl. 20:00 34. s	Ö		

Það er alveg öruggt að þetta fer úrskeiðis!

Fólk, staðir og hlutir (Litla sviðið)

Mið 16/5 kl. 20:30 aukas.	U	Lau 19/5 kl. 20:30 aukas.	Ö	Lau 26/5 kl. 20:30 aukas.	Ö
Fim 17/5 kl. 20:30 23. s	U	Fim 24/5 kl. 20:30 aukas.	Ö		
Fös 18/5 kl. 20:30 24. s	U	Fös 25/5 kl. 20:30 aukas.	Ö		

Komumst við vímlaus af í gegguðum heimi?

Hin lánsömu (Stóra sviðið)

Mið 16/5 kl. 20:00 4. s					
-------------------------	--	--	--	--	--

Kraftmikil og kómísk saga 8 systkina sem lifa velmegunarlífi

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Slá í gegn (Stóra sviðið)

Sun 27/5 kl. 19:30 30.sýn	U	Sun 3/6 kl. 19:30 32.sýn	U	Sun 10/6 kl. 19:30 34.sýn	Ö
Lau 2/6 kl. 19:30 31.sýn	U	Lau 9/6 kl. 19:30 33.sýn	Ö	Fim 14/6 kl. 19:30 35.sýn	Ö

Einstaklega litríkt sjónarspil og frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

Svartalogn (Stóra sviðið)

Fös 25/5 kl. 19:30 7.sýn	U	Fim 31/5 kl. 19:30 9.sýn	Ö		
Lau 26/5 kl. 19:30 8.sýn	Ö	Fös 8/6 kl. 19:30 10.sýn			

Heillandi verk um óvæntu möguleikana í lífinu

Stríð (Stóra sviðið)

Mið 16/5 kl. 19:30 Frums	U	Fim 17/5 kl. 19:30 2.sýn	Ö	Fös 18/5 kl. 19:30 3.sýn	Ö
--------------------------	---	--------------------------	---	--------------------------	---

Ragnar og Kjartan hafa tvívegis skapað í sameiningu sviðsverk fyrir Volksbühne-I

Aðfaranótt (Kassinn)

Mið 16/5 kl. 19:30 3.sýn		Fös 18/5 kl. 19:30 5.sýn		Fim 24/5 kl. 19:30 8.sýn	
Fim 17/5 kl. 19:30 4.sýn		Mið 23/5 kl. 19:30 7.sýn		Fös 25/5 kl. 19:30 9.sýn	

Lokaverkefni leikarabráutar sviðslistadeildar LHÍ

Impro Ísland (Þjóðleikhúskjallari)

Mið 16/5 kl. 20:00					
--------------------	--	--	--	--	--

Spunasýningarnar vinsælu snúa aftur - engin sýning eins!

Oddur og Siggi (Á flakki um landið)

Pri 15/5 kl. 11:00	U				
--------------------	---	--	--	--	--

Vestm.eyjar
Skemmtileg, sorgleg og hjartnæm sýning

leikhusid.is | midasala@leikhusid.is | 551 1200



AFP
Sigurstund Netta Barzilai hampar hér verðlaunagripnum og syngur lagið aftur eftir að úrslitin urðu ljós. Hún er eðlilega ofsakát með árangurinn.

Ísrael stóð uppi sem sigurvegari

Ísraelska söngkonan Netta, eða Netta Barzilai, bar sigur úr þýtum í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fór í Portúgal sl. laugardagskvöld. Netta söng lagið „Toy“, en hún sagði #MeToo-byltinguna hafa verið sér innblástur og tileinkaði sigurinn fjölbreytileikanum. Kýpur hafnaði í öðru sæti og Austurríki í því þriðja. Stigagjöfin var mjög dreifð og ekki var ljóst fyrir en á lokasprettinum hver myndi sígra og spennan var því mikil þegar lokatölur dattu inn.